

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 17. ágúst 2005,*

**Stefán Brynjólfsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 722/2005 um úthlutun á byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.

#### 1. gr.

Lokamálsliður B. liðar 3. gr. orðist svo:

Bætur samkvæmt þessum lið skulu þó aldrei vera hærri en sem nemur lækkun bóta Byggðastofnunar milli fiskveiðiáranna 2003/2004 og 2005/2006 en skulu þó að lágmarki vera 20 þorskígildislestir og að hámarki 145 þorskígildislestir.

#### 2. gr.

Reglugerð þesski er sett samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. september 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 2005,*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*